



FRÉTTABLAÐIÐ

250. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 15. NÓVEMBER 2022



Úrslitakeppni Skrekks, hæfileikakeppni grunnskólanna, fór fram í gær fyrir fullum sal af áhorfendum í Borgarleikhúsinu. Keppninni var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun en þegar ljósmynd-ara blaðsins bar að garði var gríðarleg stemning baksviðs og mikil gleði í hópi keppenda. Örlítið stress en tilhlökkun. Um 630 ungmenni hafa stigið á svið fyrir hönd 24 skóla í þremur undankeppnum síðustu daga og sýnt glæsileg frumsamin atriði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjármálaeftirlitið flýtir athugun sinni

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að tekist hafi að breyta almannafé, sem bundið var í áhætturekstri, í innviði fyrir fólkið í landinu með sölunni á Íslandsbanka.

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA „Reynt er að flýta athugininni eins og kostur er,“ segir í svari Fjármálaeftirlitsins um sölu á Íslandsbanka en Ríkisendurskoðun lagði ekki mat á það í skýrslu sinni hvort vinnubrögð umsjónaradila söluferlisins hafi verið í samræmi við gildandi lög og reglur.

„Þar á meðal hvort sölunni hafi verið beint að öðrum en hæfum

fjárfestum. Það síðastnefnda sætir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands,“ segir Ríkisendurskoðun.

Ríkissjóður hefur gert ráð fyrir frekari sölu í Íslandsbanka í bók-haldinu. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að í skýrslunni komi fram mikilvægar ábendingar sem stjórnvöld muni horfa til við næstu skref í þessum málum.

„Það er jákvætt að sjá að Ríkisendurskoðun telur söluna hafa verið almennt hagfellda fyrir ríkissjóð. Undir þetta verð ég að taka.

Frávik frá síðasta skráða gengi var umtalsvert minna en þekktist í sambærilegum sölum í nágrannaríkjum okkar og söluandvirðið, sem hingað til nemur um 108 milljörð-



Við erum að breyta almannafé, sem bundið var í áhætturekstri, í innviði fyrir fólkið í landinu.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

um, stendur undir allri fjárfestingu ríkisins á næsta ári og meira til.

Við erum að breyta almannafé, sem bundið var í áhætturekstri, í innviði fyrir fólkið í landinu,“ segir Bjarni.

Spurður hvort skýrslan hafi einhver áhrif á frekari sölu segir hann að stutta svarið sé já. „Áhrifin felast helst í því að við vinnum nú í að móta nýtt fyrirkomulag við utanumhald og sölu hluta – eins og boðið var í yfirlýsingu formanna ríkisstjórnarflokkanna í vor.

Núverandi lagarammi, sem settur var í stjórnartíð Samfylkingarinnar, er einfaldlega úr sér genginn. Þess vegna lagði ég til árið 2016 að Bankasýslan yrði lögð niður og nýtt fyrirkomulag tekið upp, en fékk ekki hljómgrunn fyrir því á Alþingi. Það leggjum við hins vegar aftur til nú – og munum hafa skýrsluna til hliðsjónar við þá vinnu,“ segir Bjarni. **SJÁ SÍÐU 6**

Gerendur verði oftast fjarlægðir

SAMFÉLAG Í nýrri skýrslu Grevionefndar Evrópuráðsins segir að íslensk stjórnvöld standi sig nokkuð vel þegar kemur að forvörnum og viðbrögðum við ofbeldi en að gagnaöflun geti verið betri og gagnrýnt er að ekki hafi allar konur sama aðgang að þeirri þjónustu sem er í boði.

Nefndin segir að miðað við þann fjölda tilkynninga sem berst árlega um heimilisofbeldi bendi önnur gögn til þess að úrræði um að fjarlægja geranda sé ekki nýtt nægilega oft. Þá mælist nefndin til þess að yfirvöld nýti oftast nálgunarbann gegn gerendum ofbeldis. Það undirstriki alvarleika ofbeldisins og tryggi öryggi þolenda. **SJÁ SÍÐU 4**

Rafmagnaður ID.4

Þægindi að þínum þörfum

Volkswagen ID.4 Pro 4MOTION

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.volkswagen.is





Malbikað verður nálægt álverinu í Straumsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA

Vegagerðin lokar á Reykjanesbraut

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Vegagerðin mun loka fyrir umferð á Reykjanesbraut, frá Grindavíkurvegi í átt að Reykjavík vegna malbiksframkvæmda. Lokunin nær að álverinu í Straumsvík og gildir frá klukkan 20 miðvikudaginn 16. nóvember til klukkan 20 fimmtudaginn 17. nóvember.

Reykjanesbrautin verður hins vegar opin fyrir umferð til Suðurnesja og flugvallarins í Keflavík allan framkvæmdatímann. Þá verður einnig opið fyrir þá sem eiga erindi í Voga.

Hjáleið verður um Grindavíkurveg, Suðurstrandarveg og Krýsuvíkurveg fyrir þá sem halda austur til höfuðborgarinnar. Vegagerðin bendir hins vegar á að sú leið er þrengri og þurfi ökumenn að gera ráð fyrir lengri ferðatíma. Umferðartafir gætu skapast og eru ökumenn beðnir um að sýna tillitsemi. Hraðinn á Krýsuvíkurveginum verður færður niður í 50 kílómetra á klukkustund á nokkrum stöðum. ■

Leitað að Friðfinni



Umfangsmikil leit fór fram í gær að Friðfinni Frey Kristinssyni á höfuðborgarsvæðinu en ekkert hefur til hans spurst í fimm daga. „Við biðum milli vonar og ótta,“ segir séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson, faðir Friðfinns. Hátt í hundrað manns tóku þátt í leitinni sem lögreglan stýrði. Var leitað í lofti, á láði og legi, meðal annars með þyrlu Landhelgisgæslunnar. „Öll framganga lögreglunnar hefur verið til fyrirmyndar,“ segir Kristinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólöglegt að greina frá fundinum

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra mun ekki gefa upp hvað var rætt á fundi með aðstoðarforsætisráðherra og utanríkisráðherra Namibíu, þann 7. júní. Í svari við fyrirspurn Þorbjargar Sigriðar Gunnlaugsdóttur, þingkonu Viðreisnar, er vísað til upplýsingalaga.

Þau Brynjar Nielsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu réttarfars og stjórnsýslu, Ragna Bjarnadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu almanna- og réttaröryggis, og Hinrika Sandra Ingimundardóttir, staðgengill skrifstofustjóra skrifstofu almanna- og réttaröryggis, sátu fundinn fyrir hönd ráðuneytisins.

Tílefnið var beiðni namíbísku sendinefndarinnar um fund, sem fram kom á fundi með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra fyrir



Fjórir starfsmenn ráðuneytisins sátu fundinn.

sama dag. Bryndís spurði á hvaða forsendum Brynjar hefði ekki viljað tjá sig um ástæður eða efni fundarins. Bendir Jón á í svari sínu að gögnin í þessu máli varði samskipti við erlent ríki.

„Geti erlendir sendimenn ekki treyst því að trúnaður um samskiptin sé undantekningarlaust virtur, stefnir það nauðsynlegu trúnaðartrausti í hættu. Þar með gætu stjórnvöld ekki átt í árangursríkum samskiptum við erlend ríki til að sinna lögmætum hlutverkum sínum í þágu íslenska ríkisins með þeim afleiðingum að brýnir almannahagsmunir yrðu fyrir borð bornir.“ ■

Einhverf kona átti að borga í sund fyrir aðstoðarkonu

Móðir konu með einhverfu óskar eftir svörum frá borginni vegna liðveislu fyrir fatlaða einstaklinga í sundlaugum. Í tvígang hafi aðstoðarkonu dótturinnar verið meinaður aðgangur að nema að greiða fyrir það.

erlamaria@frettabladid.is

REYKJAVÍK „Lára er með beingreiðslusamning við Reykjavíkurborg sem þýðir að hún ræður til sín aðstoðarkonur í liðveislu. Hún fer mjög oft í sund og gjarnan í Neslaugina. Þar labbar hún inn og fær ókeypis í sund og aðstoðarkonan fylgir með,“ segir María Ellingsen, móðir Láru Þorsteinsdóttur er einhverf.

„Svo hefur hún núna lent í því í tvígang í Vesturbæjarlaug að hún fær ekki að fara með aðstoðarkonu inn. Aðstoðarkonan hefur þurft að borga sig inn,“ bætir hún við.

„Það er hægt að segja að þetta hafi valdið Láru miklu hugarangri og svekkelsi af því þetta er óþarfa veggur að lenda á.“

Að sögn Maríu var starfsmaður sundlaugarinnar inntur svara um hvað hefði breyst þegar kemur að liðveislu. Hafi svörin verið á þá leið að það væru komnar flóknari reglur sem eigi ekki við Láru þar sem aðstoðarkonu hennar séu í beinu ráðningarsambandi við hana.

„Ein rökin sem hún kom með eru að aðstoðarkonan er náttúrulega að njóta þess að fara í sund. Og ég spurði þá hvort þau sköfðu aðstoðarfólk ef aðstoðarkonan fengi ekki að fylgja Láru ofan í. Hún sagði að svo væri ekki,“ segir María. Þetta sé dæmi um „computer says no“, sem sé algjör óþarfi.

„Aðallega virðist ekki vera á hreinu hvernig þetta á að vera. Það eru engin skýr svör og það virðist



Aðstoðarkonu Láru hefur í tvígang verið meinaður aðgangur að Vesturbæjarlaug, nema að greiða fyrir það fullt gjald. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ein rökin sem hún kom með eru að aðstoðarkonan er náttúrulega að njóta þess að fara í sund.



María Ellingsen



Lára Þorsteinsdóttir

vera sem þeir sem eru með slíkan beingreiðslusamning falli milli skips og bryggju í þessu kerfi,“ segir María.

Fréttablaðið hafði samband við Steinþór Einarsson, sviðsstjóra íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar, og segir hann að þarna sé um mistök að ræða.

„Það var einn starfsmaður sem var miður sín og hafði haldið annað. Þarna hafa orðið einhver mistök og það er búið að lagfæra það. Það er alltaf þannig hjá okkur að fylgdarmaður fatlaðs einstaklings fær frítt inn. Það eru hreinar línur,“ segir Steinþór. ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM


HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



HINGAÐ OG EKKI LENGRA!

ÓKEYPIS ÁSTANDSSKOÐUN Á
BREMSUBÚNAÐI TIL 30. NÓVEMBER



Toyotaeigendur fá ókeypis ástandsskoðun á bremsubúnaði til 30. nóvember hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota og afslátt af vinnu, bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum til ísetningar á staðnum.

Engin vandamál – bara lausnir

● Toyota Kaupþúni	— Kaupþúni 6	Garðabæ	570 5070
● Toyota Akureyri	— Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
● Toyota Selfossi	— Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
● Toyota Reykjanesbæ	— Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	— Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	— Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
● Bifreiðaverkstæði Kópavogs	— Smiðjuvegi 68	Kópavogi	587 1350
● Nethamar	— Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
● Bílatangi	— Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
● Bifreiðaverkstæði KS	— Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
● Bílaleiga Húsavíkur	— Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
● Bílaverkstæði Austurlands	— Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
● Bílageirinn	— Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901



Strengurinn er í eigu Farice.

Lagningu IRIS sæstrengsins lokið

kristinnhaukur@frettabladid.is

FJARSKIPTI Lagningu fjarskipta-sæstrengsins IRIS, sem tengir Ísland við Írland, var fagnað síðastliðinn föstudag þegar strengurinn var tengdur á Ballyloughnane-ströndinni við Galway á vesturströnd Írlands. Það var fyrirtækið Subcom sem lagði strenginn fyrir Farice sem er í eigu íslenska ríkisins. Hér á Íslandi liggur hann frá Þorlákshöfn. IRIS er þriðji fjarskiptastrengurinn frá Íslandi en hinir eru Farice (til Skotlands) og Danice (til Danmerkur). IRIS verður hins vegar ekki tekinn í notkun fyrr en á næsta ári. Seinna meir munu Íslendingar fá aðgang að stórum streng til Norður-Ameríku og Asíu sem verður lagður til Galway. ■

Miklar uppsagnir hjá móðurfélagi

kristinnhaukur@frettabladid.is

FISKELDI Norska fiskeldisfyrirtækið SalMar, sem á meirihluta í Icelandic Salmon (áður Arnarlax), sagði í gær upp 851 starfsmanni í Noregi. Annars vegar var fólki sagt upp í laxasláturstöð í Senja í norðurhluta Noregs og hins vegar í vinnslustöð í Fröya, um miðjan Noreg. En höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í hinum síðarnefnda bæ. SalMar er einn af stærstu framleiðendum eldislax í heiminum. Uppsagnirnar eru umtalsverðar þar sem aðeins störfuðu um 1.500 manns hjá fyrirtækinu. Eigendur kenna skattlagningu norskra stjórnvalda um uppsagnirnar. Það er að ofan á 22 prósentu fyrirtækjaskatt leggist 40 prósent laxaskattur á tekjurnar. „Ég lofa að við gerum allt sem við getum til að halda verksmiðjum okkar gangandi og að minnka áhrif uppsagnanna,“ sagði Frode Arntsen, forstjóri SalMar í yfirlýsingu. ■

Katrín var aldrei í samskiptum við Gretu Thunberg

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sendi Björk Guðmundsdóttur tónlistarkonu tvenn smáskilaboð í aðdraganda loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í september árið 2019 og ræddi einu sinni við hana í síma. Björk sendi nokkur smáskilaboð en Katrín var aldrei í samskiptum við sænska loftslagsaðgerðasinnann Gretu Thunberg. Þetta kemur fram í svari Katrínar við fyrirspurn Jóhanns Páls Jóhannssonar, þingmanns Sam-

fylkingarinnar, um samskiptin sem Björk hefur lýst sem svikum. Í viðtali við breska blaðið The Guardian í sumar sagði Björk að Katrín hefði svikið sig og Thunberg. Sagði Björk að Katrín hefði gert samkomulag um að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum en hætt við á síðustu stundu. „Í samskiptum forsætisráðherra við Björk Guðmundsdóttur voru engin fyrirheit gefin um formlega yfirlýsingu af hálfu ráðherra, ríkisstjórnar eða Alþingis um neyðarástand í loftslagsmálum,“ segir í svari Katrínar. Katrín hafi í ræðu



Katrín sendi tvenn smáskilaboð til Bjarkar og ræddi við hana í síma.

sinni sagt að enginn velktist í vafa um það lengur að heimurinn stæði frammi fyrir neyðarástandi í loftslagsmálum. „Eftir umræðu á vettvangi ríkisstjórnar um loftslagsmál var það niðurstaðan, eftir pólitískt samráð, að betur færi á því að láta verkin tala og leggja áherslu á að ná árangri með raunhæfum og nauðsynlegum aðgerðum í loftslagsmálum en að nálgast viðfangsefnið með yfirlýsingu af þessu tagi sem væri táknræn í eðli sínu og hefði ekki sjálfkrafa áhrif á aðgerðir gegn loftslagsvánni,“ segir enn fremur í svarinu. ■

Vilja að gerendur séu oftár fjarlægðir

Lagt er til að íslensk stjórnvöld opni hjálparsíma sem er opinn allan sólarhringinn fyrir þólenður hvers kyns ofbeldis, að hjálparsamtökum sé tryggt fjármagn og að gerendur ofbeldis séu oftár fjarlægðir af heimilum.

lovisaa@frettabladid.is

SAMFÉLAG Ný skýrsla Grevio-nefndar Evrópuráðsins segir að íslensk stjórnvöld standi sig nokkuð vel þegar kemur að forvörnum og viðbrögðum við ofbeldi en segja gagnaöflun geta verið betri og gagnrýna að ekki hafi allar konur sama aðgang að þeirri þjónustu sem er í boði.

Grevio-nefnd Evrópuráðsins hefur það hlutverk að meta framkvæmd stjórnvalda á forvörnum og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi á Íslandi. Fyrsta skýrsla nefndarinnar um Ísland kom í gær en þar kemur fram að nefndin hafi áhyggjur af því að gerendur ofbeldis séu ekki nægilega oft fjarlægðir af heimilinu. Nefndin segir að miðað við þann fjölda tilkynninga sem berst árlega um heimilisofbeldi bendi önnur gögn til þess að úrræði um að fjarlægja geranda sé ekki nýtt nægilega oft. Þau segja að um sé að ræða úrræði sem gagnist bæði börnum og konum sem eru þólenður ofbeldis og að lögreglan ætti að hugsa um að nýta það oftár. Þá mælist nefndin til þess að yfirvöld nýti oftár nálgunarbann gegn gerendum ofbeldis. Það undirstriki alvarleika ofbeldisins og tryggi öryggi þólenða. Í skýrslunni er íslenskum stjórnvöldum hrósað fyrir það átak sem



Stjórnvöldum er sérstaklega hrósað fyrir að veita góða þjónustu í Barnahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Konur á faraldsfæti, fatlaðar konur, konur í vændi og konur sem glíma við vímuefnavanda finna sér ekki alltaf stað innan þeirrar þjónustu sem er í boði.

Úr skýrslu Grevio-nefndar

hefur verið í viðbrögðum og forvörnum síðustu áratugina þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og heimilisofbeldi. Taldar eru upp aðgerðir eins og að samþykki hafi verið sett inn í ákvæði um nauðgun og kynferðisbrot, að brot í nánu sambandi séu sérstaklega skilgreind í lögum og ýmsar aðgerðir til að berjast gegn stafrænu ofbeldi. Auk þess er Ísland sagt leiðandi í því að kenna kynjafræði og að minnka launamun kynjanna. Grevio-nefndin hrósar yfirvöldum sérstaklega fyrir Barnahús og fyrir fjölskyldumiðstöðvarnar í Bjarkar- og Bjarmahlíð þar sem þó-

endur hvers kyns ofbeldis geta leitað sér aðstoðar á einum stað. Auk þess segir í skýrslunni að nefndin greini mikinn vilja hjá íslenskum yfirvöldum til að innleiða samninginn og halda áfram að setja fram úrbætur fyrir þólenður hvers kyns ofbeldis. Á sama tíma er þó bent á að ekki hafi verið lögð sama áhersla á annars konar ofbeldi eins og heiðursmorð, eltiarella, umskurð kvenna og þvingaðar ófrjósemisaðgerðir. „Konur á faraldsfæti [e. migrant women], fatlaðar konur, konur í vændi og konur sem glíma við vímuefnavanda finna sér ekki alltaf stað innan þeirrar þjónustu sem er í boði.“ ■

FÆRÐIN ER ALLTAF GÓÐ

Leyfðu Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid að spreyta sig á krefjandi slóðum. Leiðin verður rafmögnuð.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLOÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16 Jeep



4x4e PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS

SUZUKI 4X4

ÞAÐ ER ALLTAF SUZUKI VEÐUR

KOMDU
Í HEIMSÓKN
OG KYNNTU
ÞÉR ÚRVALIÐ



ACROSS GLX 4X4 **HYBRID**
PLUG IN HYBRID

Verð kr.
9.390.000



JIMNY 4X4

Verð kr.
4.590.000



S-CROSS 4X4 **HYBRID**
STRONG HYBRID

Verð frá kr.
6.540.000



SWIFT 4X4

Verð frá kr.
3.850.000



VITARA 4X4 **HYBRID**
STRONG HYBRID

Verð frá kr.
6.340.000



IGNIS 4X4

Verð kr.
4.190.000

ALLGRIP
PRO

4WD All-grip skapar aksturseginnleika í sérflokk.

SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN

Fjölbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi.

Suzuki 4x4 fyrir veturinn og öryggið.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](https://www.suzuki.is)



Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Demókratar styrkja stöðu sína

kristinnhaukur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Talningu í bandarísku kosningunum er enn ekki lokið en útlit er fyrir að þingdeildirnar verði klofnar. Demókratar hafa þegar, þvert á allar spár, tryggt sér meirihluta í öldungadeildinni. Haldi þingmaðurinn Raphael Warnock sæti sínu í aukakosningum í Georgíu 6. desember þá bæta Demókratar við sig þingsæti og verða með 51 á móti 49 sætum Repúblikana.

Hagur Repúblikana er meiri í fulltrúadeildinni þar sem þeir hafa þegar bætt við sig 12 sætum. Hafa þeir tryggt sér 212 sæti á móti 204 sætum Demókrata en 218 þarf fyrir meirihluta. Búist er við því að Repúblikanar nái um 220 sætum, sem er mun minna en þeir bjuggust við og miðað við hversu þingflokkurinn er klofinn er óvíst hversu starfhæfur meirihlutinn verður.

Þá hafa Demókratar einnig bætt við öðrum embættum í kosningunum, svo sem ríkisstjórum. Þeir

»

Öll spjót standa á Trump og öðrum forystumönnum Repúblikana.

misstu reyndar ríkisstjórnann í Nevada en bættu við sig ríkisstjórum í Maryland, Massachusetts og eru á góðri leið með að ná Arizona líka. Einnig styrktu Demókratar stöðu sína innan fylkja og náðu að mynda nýja meirihluta í fjórum fylkjum en Repúblikanar engum.

Hjaðningavíg eiga sér nú stað innan Repúblikanaflokksins og talið er að núverandi forysta, Mitch McConnell í öldungadeild, Kevin McCarthy í fulltrúadeild og ekki síst Donald Trump fyrrverandi forseti, komi stórlöskuð undan kosningum. Óvíst er hvort Trump tilkynni framboð sitt eins og til stöð. ■

Slökkvilið víða skortir baðaðstöðu

benediktboas@frettabladid.is

SLÖKKVILIÐ Víðast hvar á landinu er þörf á úrbótum á starfsemi slökkviliða. Bæta þarf aðstöðu og aðgengi að menntun og þjálfun slökkviliðsmanna. Þá er víða um land þörf á að gera mun betur í fyrirkomulagi brunavarna. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um stöðu slökkviliða á Íslandi.

Þar kemur fram að aðstöðu til að þrifa mannskap eftir útköll var aðeins að finna á 22 af 72 slökkvistöðvum landsins. Á 67 prósentum slökkvistöðva landsins var enga

4

slökkvilið á Íslandi hafa sólarhringsviðveru mannskaps á stöð, fimm hafa mannaða dagvakt og 24 slökkvilið eru mönnuð útkallsliði.



Þessir hafa væntanlega ekki komist í bað eftir skyldustörf.

baðaðstöðu að finna. Þá segir að geymsla á hlífðarfatnaði var metin í lagi í 42 prósentum tilfella. Gerðar voru athugasemdir á 42 slökkvistöðvum, þar sem geymsla á hlífðarfatnaði var ekki samkvæmt leiðbeiningum og þarfnáðist úrbóta eða var óásættanleg.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tók skýrsluna fyrir á fundi sínum í síðustu viku en hún er byggð á úttektum sem fram fóru á árinu 2021 á skipulagi og starfsaðstæðum allra slökkviliða á landinu. ■

Söluaðferðin sem valin var hámarkaði ekki verðin

Bankasýslan og fjármálaráðuneytið fá harða gagnrýni í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á hlut í Íslandsbanka. Kemur fram að ráðuneytinu hefði mátt vera ljóst að starfsmenn Bankasýslunnar bjuggu ekki yfir neinni reynslu af sölu ríkiseigna með tilboðsfyrirkomulagi.

olafur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Mikil og hörð gagnrýni kemur fram á hendur Bankasýslu ríkisins og fjármálaráðuneytinu í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á Íslandsbanka. Þrátt fyrir yfirlýst markmið um að hámarka söluverð hafi söluaðferðin sem valin var ekki verið til þess fallin að hámarka verð.

Strax í byrjun skýrslunnar er skýrt tekið fram að Ríkisendurskoðun taki ekki afstöðu til ýmissa þátta málsins, meðal annars þess hvort tilboðsfyrirkomulagið hafi verið besta aðferðin til að selja hlutinn.

Enn fremur er ekki tekin afstaða til þess í skýrslunni hvort vinnubrögð umsjónaraðila söluferlisins, söluráðgjafa eða söluaðila hafi verið í samræmi við lög og reglur, þar með talið hvort sölunni hafi verið beint að öðrum en hæfum fjárfestum. Síðastnefnda atriðið sæti eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Fram kemur að viðskipti með hlutabréf bankans þornuðu nær algerlega upp í kauphöll 17. mars, daginn sem aðalfundur fór fram, fimm dögum fyrir útboð og degi áður en formleg ákvörðun var tekin um að úr sölunni yrði. Bendir það til þess að innherjaupplýsingar hafi lekið út á markaðinn. Væntanlega er það eitt þeirra atriða sem Fjármálaeftirlitið hefur til rannsókna.

Litlar upplýsingar fengust frá Seðlabankanum um rannsókn Fjármálaeftirlitsins á Íslandsbankasölunni aðrar en þær að reynt sé að flýta henni eins og kostur er.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefði mátt vera ljóst að starfsmenn Bankasýslu ríkisins bjuggu ekki yfir neinni reynslu af sölu ríkiseigna með tilboðsfyrirkomulagi og þeir hafi haft



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ákvað ásamt Bankasýslu ríkisins að heimila einkafjárfestum þátttöku í útboðinu þótt slíkt sé óvenjulegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

”

Því verður ekki annað séð en að verðmyndun í ferlinu hafi gefið tilefni til að ákvarða hærra leiðbeinandi lokaverð en gert var.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar

takmarkað svigrúm til almennrar upplýsingagjafar. Úr skýrslunni má lesa að starfsmenn Bankasýslunnar hafi ekki þekkt grundvallaratriði sem fylgin eru í söluaðferðinni.

Gagnrýnt er að ekki hafi verið gerðar tilhlýðilegar kröfur til umsjónaraðila, söluráðgjafa og söluaðila og axarsköft við framkvæmdina hafi leitt til þess að þegar ákvörðun var tekin um leiðbeinandi verð höfðu hvorki umsjónaraðilar útboðsins, Bankasýslan né fjármálaráðherra, sem tók endanlega ákvörðun, yfirsýn yfir raunverulega eftirspurn eftir hlutafé í bankanum.

Gagnrýnt er að haldið var utan um lista yfir tilboðsgjafa í Microsoft Excel-skjali þar sem ruglingur á íslenskri og erlendri kommu-setningu, auk þess sem talnagögn

voru skilgreind sem texti þannig að töflureiknirinn nam þau ekki sem tölur, varð til þess að eftirspurn var vanmetin um tugi milljarða króna.

Ríkisendurskoðun segir að umframeftirspurn hafi orðið á verði sem var hærra en það leiðbeinandi lokaverð sem Bankasýslan og fjármálaráðherra ákváðu. „Því verður ekki annað séð en að verðmyndun í ferlinu hafi gefið tilefni til að ákvarða hærra leiðbeinandi lokaverð en gert var. Í þessu ljósi kann vanmat á eftirspurn, vegna takmarkaðrar greiningar á tilboðabókinni, að hafa haft áhrif á niðurstöðuna og skaðað hagsmuni ríkissjóðs.“

Í grunninn snýr gagnrýni sem sett er fram að því að allir sem að málinu komu, fjármálaráðuneytið, Bankasýslan og þingnefndir, hafi brugðist þeirri skyldu sinni að hámarka söluverðmætið.

Kemur jafnframt fram að þrátt fyrir upplýsingar frá fjármálaráðgjafa um að óvenjulegt sé að einkafjárfestum, sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar, sé boðin þátttaka í sölu, hafi ráðuneyti og Bankasýslan ákveðið að heimila þátttöku einkafjárfesta sem væru skilgreindir sem hæfir fjárfestar af söluaðilum útboðsins. Engar leiðbeiningar eða reglur hafi hins vegar verið gefnar út um þau skilyrði sem slíkir fjárfestar þyrftu að uppfylla. ■

Kolefnisspor framkvæmda

- Opinn fundur um áherslur og aðgerðir

Hilton Reykjavík Nordica,
miðvikudaginn 16. nóvember kl. 9



Skráning á
landsvirkjun.is





EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF
**VIÐARPARKETI, HARÐPARKETI
& VINYLPAKETI**

GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG GOTT VERÐ
FÁÐU TILBOÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP

Birgisson®

Áfellsdómur



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka er fráleitt nokkur hvítvottur og miklu heldur áfellsdómur um sleifarlag, vankunn-áttu og spillingu í boði hins opinbera sem þarfnast frekari rannsókna við. Á það hlýtur Alþingi að kalla ef það á annað borð tekur eitt af meginhlutverkum sínum alvarlega, en það lýtur að eftirliti með fjárreiðum ríkisins.

Skýrslan er athyglisverð fyrir tvennar sakir, annars vegar hvað hún gengur hart og óhikað fram í gagnrýni sinni á sölu og allan aðdraganda hennar, þar á meðal leka innan bankans sjálfs, og hins vegar sýnir skýrslan að það var beinlínis rangt af fjármálaráðuneytinu að fela Ríkisendurskoðun að rýna í þessa umdeildu sölu, enda hefur hún ekki nógu ríkt umboð til að grandskoða gauraganginn. Í reynd má lesa það víða út úr 72 síðum skýrslunnar og þá ekki síður á milli línanna að forkólfar Ríkisendurskoðunar eru beinlínis hissa á að þeir hafi fengið verkefnið í hendur.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfestir að meira og minna allt brást í þessu efni, þar á meðal ráðherrann og ráðuneyti hans, að minnsta kosti tvær nefndir þingsins, að ekki sé minnst á Bankasýslu ríkisins sem hafði ekki einu sinni þekkingu til að fara þá leið við sölu sem hún valdi, hvað þá meira. „Fjármála- og efnahagsráðuneyti mátti vera ljóst að hjá Bankasýslu ríkisins störfuðu einungis þrír starfsmenn með enga reynslu af sölu ríkiseigna með tilboðsfyrirkomulagi og takmarkað svigrúm til almennrar upplýsingagjafar,“ segir orðrétt í skýrslunni. Heyr á endemi. Og allt saman var þetta gert með blessun ríkjandi stjórnvalda sem viðurkenna, ýmist með semingi eða sæmilega fortakslaut, að salan hafi verið klúðursleg. En þó ekkert umfram það.

Ábyrgðin á þessum galna gerningi er svo auðvitað engin eins og við má búast af íslenskri pólitík. Stjórnarandstaðan hefur vitaskuld kallað eftir því að fjármálaráðherra, hið minnsta, stígi til hliðar á meðan á óháðri framhaldsrannsókn stendur, en læsir menn á landsmálin vita sem er að ekkert verður af því í stjórnmalamenningu sem leyfir æðstu valdhöfunum alltaf að njóta vafans, hvað svo sem á gengur.

Eftir stendur að Sjálfstæðisflokkurinn kann ekki að selja banka. Og það er ekki nokkur von til þess að landsmenn treysti honum fyrir sölu á frekari hlut í Íslandsbanka, eða öðrum bönkum, sem ofan í kaupíð setur fjármála-ætlun næstu ára í uppnám. ■

Halldór



Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Allt í rugli

Skýrsla Ríkisendurskoðanda um sölu Bankasýslu ríkisins á hlutabréfum í Íslandsbanka á umhyggjusamlega niðurstettu verði til handvalinna er niðurdrepandi. Þar fá margir á baukinn, jafnvel besta fólk sem meinar vel þótt það virðist ekki vita neitt í sinn haus, og þá sérstaklega um sölu á hlutabréfum í viðskiptabönkum. Ljósíð í myrkriinu fyrir þennan hóp er þó auðvitað að einhver af hinum fjölmörgu sem fengið hafa skýrsluna í hendur að undanfögnu sá ástæðu til að láta fjölmiðla vita af innihaldinu sólarhring áður en hleypa átti almenningi í niðurstöðurnar. Virðist það vera einn versti glæpur síðari tíma á Íslandi.

Kveðjubréf

Allan daginn í gær var keppt við að gráta úr sér augun og formæla þeim sem gerst höfðu sekir um þann tímamótaskandal að upplýsa þjóðina um það sem stendur í skýrslunni sem hún greiðir fyrir og hefur beðið í sjö mánuði eftir. Litíð fór fyrir svörum um það sem segir um hina fjölmörgu annmarka á söluhlut heldur fór dagurinn að öðru leyti í að draga niðurstöður Ríkisendurskoðunar í efa enda annað ekki í stöðunni því ef skýrsluhöfundarnir hafa lög að mæla þurfa einhverjir kannski að skrifa kveðjubréf. ■

Alvarlegir veikleikar í fjarskiptaöryggi



Bjarni Jónsson
þingmaður Vinstri grænna í Norð-vesturkjördæmi

Sú hættulega staða kom upp fyrir nokkru að net- og símasambandslaust varð á Skagaströnd og í Skaga-byggð. Það var ekki hægt að hringja í neyðarlinuna 112 eða eiga samskipti fólks í milli vegna aðstæðna eða atvika sem kynnu að kalla á neyðaraðstoð. Því miður hafa einmitt átt sér stað allnokkur neyðarlínuútköll á svæðinu að undanfögnu, eitt þeirra degi eftir þennan atburð, vegna rjúpnaskyttu sem slasaðist og þurfti á sjúkraflugi að halda frá Blöndu-ósflugvelli.

Ekki er síður mikilvægt að hraða tryggingu farsímasambands á öllum þjóðvegum, ekki síst á fjallvegum og þar sem ekið er daglega með skólabörn. Nýlegt dæmi, þar sem mjög illa hefði geta farið, er þegar tveir sátu fastir í bíl sínum í tvo sólarhringa á Kollafjarðarheiði.

Þessir grunninnviðir hafa grundvallarhlutverki að gegna fyrir almannaoöryggi og uppbygging þeirra á að vera örjufanlegur hluti af þjóðaröryggisstefnu Íslands. Í dag er fjarskiptakerfið ekki skilgreint sem öryggisfjarskiptakerfi en til þess að tryggja öryggi allra, hvort sem er á heimilum sínum, þjóðvegum, fjallvegum eða í dreifbýli almennt, skiptir máli að svo sé.

„Markaðsbrestur“ í öruggum fjarskiptum

Það þjóðaröryggi sem ég skrifa um hér verður ekki tryggt á markaðslegum forsendum af þeim fyrirtækjum sem nú höndla með það fjöregg þjóðarinnar sem fjarskiptin eru. Eitt er að ná að fá einstök svæði tengd, annað og meira að ráðist sé í þær ráðstafanir sem til þarf svo ekki geti átt sér stað slíkt öryggisrof sem varð á Skagaströnd og í Skagabyggð.

Í tilvikum sem þessum þegar leiðarar eru rofnir eins og hér gerðist, þarf fleira að koma til en vel hlaðin batterí fyrir fjarskiptasenda. Eins mikilvægt og það er að koma á góðu fjarskiptasambandi um landið, þá verður einnig að tryggja að það sé öllum stundum til staðar þegar á þarf að halda. ■

Tískulinsur í úrvali
Breyttu um augnlit

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955



Verðtryggðir lánasamningar strípa almúgamanninn – ólöglega



Örn Karlsson
vélaverkfræðingur

Hver hefur ekki heyrt sprenglærða hagfræðinga fullyrða að verðtryggingin geri ekkert annað en að viðhalda raunvirði skulda og sé því saklaus valkostur í flóru lánatilboða á markaði?

Fullyrðingin er fræðilega röng og langtímum fjarri raunveruleikanum. Fullyrðingin er í besta falli misheppnuð nálgun sem kostað hefur almúgamanninn svo mjög að hann eignast lítið sem ekkert allt lífið ef hann er óheppinn með tíma-setningu húsnæðiskaupa.

Í kringum 1980 rýrnaði krónan á hraða sem var óbærilegur. Verðgildið eða innra virði krónunnar rýrnaði um allt að 80% á ársgrundvelli. Það var þá sem Ólafslög voru samþykkt á Alþingi.

Tilgangur laganna var eins og kom fram í umsögn með 32. greininni:

„Hin öra verðbólguþróun hérlandis að undanfögnu hefur eðlilega leitt til þess, að leitað er leiða til þess að leiðrétta skekkju af völdum verðbólgunnar á ýmsum sviðum efnahagslífsins. En tilfærsla eigna frá þeim, sem lána peninga með vöxtum, sem liggja undir hraða verðbólgunnar, til hinna, sem skulda á vöxtum undir verðbreytingum, er eft til vill einn alvarlegasti fylgikvilli verðbólgunnar.“

Lög um verðtryggingu eru þannig sett til að koma í veg fyrir eignatilfærslur þegar krónan rýrnar í verðbólgu. Gott og vel. Þetta er lög-mætur tilgangur, gengur m.a. ekki í berhögð við eignarréttinn.

Í núgildandi lögum, samanber athugasemdir við 13. og 14. greinina er þessi tilgangur orðaður þannig: „... reglur um verðtryggingu fjárskuldbindinga þjónuðu fyrst og fremst þeim tilgangi að verja almennt sparifé og lánsfé landsmanna fyrir rýrnun...“

Löggjafinn mælir síðan fyrir um að rýrnun krónunnar skuli mæld með vísitölu neysluverðs. Vísitalan ákvarði þannig lögskiptin milli skuldara og skuldareiganda.

Hér verður löggjafanum illilega á í messunni. Svo mjög að lög um vexti og verðtryggingu verða ólög sem fara bæði gegn tilgangi sínum og stjórnarskrá.

Vísitala neysluverðs er í engum færum til að mæla rýrnun krónunnar, þ.e. hvort innra virði hennar hefur breyst frá einum tíma til annars. Vísitala neysluverðs er ekki hönnuð í þeim tilgangi. Vísitala neysluverðs er hönnuð til að meta breytingar á neyslukostnaði meðal-mannsins á tilteknu tímabili og gerir það sennilega þokkalega.

Það er óumdeilt að rýrnun krónunnar rekst inn í vísitölu neysluverðs, því þegar innra virði krónunnar lækkar hækkar verð vöru og þjónustu í krónum talið til samræmis.

Vandamálið er hins vegar að allir hnykkir sem áhrif hafa á framboð og eftirspurn á mörkuðum rekast einnig inn í vísitöluna og slá þar með móðu á þann þátt sem snýr að breyttu innra virði gjaldmiðilsins. Undanfarið hafa margir atburðir sem eru óháðir virði krónunnar haft áhrif á vöruverð og þar með á vísitölu neysluverðs. Covid, Úkraínustríð, sérstaklega truflanir á orkuframboði eru þar á meðal. Innlendan áhrifaþátt má einnig nefna en vaxtalækkunar Seðlabankans leiddu eðlilega til herra húsnæðisverðs algerlega óháð breytingum á innra virði krónunnar. Allir þessir þættir hafa haft áhrif til hækkunar vísitölu neysluverðs á meðan krónan hefur staðið keik. Ef við horfum tvö ár til baka sjáum við að á meðan krónan hefur haldið sínu gagnvart evru hefur vísitalan hækkað um 15% að mestu vegna ofantalinna atvika. Og því hafa lögskipti milli skuldara og skuldareiganda verðtryggðra lánasamninga verið með þeim hætti þennan tíma að vísitalan hefur mokað eignum, raunverulegum eignum skuldugra til lánastofnana.

Íslendingar eru ekki að upplifa þetta í fyrsta sinn. 2004 til 2007 þrefaldaðist olíuverð vegna rósta í Mið austurlöndum og íbúðarverð tvöfaldaðist í kjölfar þess að bankarnir komu inn á markaðinn og láns hlutföll hækkuðu í allt að 95%. Þessar hækkunar voru óháðar virði peninga en endurspegluðust engu að síður í vísitölu neysluverðs. Í aðdraganda hrunsins voru því hinir verst settu smátt og smátt strípaðir eignum sínum í gegnum verðtryggðra lánasamninga og höfðu því ekkert handa milli þegar hrunið skall á.

Þegar þær aðstæður eru uppi að breytingar vísitölunnar stafa að uppistöðu til frá raunbreytingum á vöruverði, þ.e. hnykkjum óháðum peningum, þá er vísitalan alls ónothæf til raunvirðisleiðréttinga.

Raunvextir hafa þannig verið hærri á Íslandi síðastliðin tvö ár en Seðlabankinn viðurkennir. Raunvextir eru í eðli sínu nafnvaxtastigið að frádreginni rýrnun á innra virði gjaldmiðilsins.

Íslendingar eiga lögeyri, þann gjaldmiðil sem Seðlabankinn gefur út, krónuna. Skal krónan vera lögeyri í allar greiðslur hér á landi. Þannig er krónan mælistokkur á verðmæti. Ekkert er að því í sjálfu sér að leiðrétta fyrir því með samningum þegar lögeyririnn rýrnar að innra virði, þannig að rétt sé mælt miðað við upphafleg áform. En þegar meint leiðrétting tekur mið af atriðum sem hafa enga tengingu við lögeyrinn sjálfan eða breytingar á innra virði hans er málið komið út í móa. Þá erum við stödd í afleiðuvíðskiptum.

Og þar erum við stödd kærur Íslendingar í miðjum hamförum hvar fátækasta fólkið, sem ekki á annan kost en verðtryggð lán, er strípað eignum sínum reglulega og óreglulega eftir teningakasti veðurfars og heismála og auðvitað vaxtaduttlungum Seðlabankans í gegnum lögskipti um vísitölu neysluverðs.

Það eru talin mannréttindabrot í Evrópu að sveigja neytendalán inn á braut afleiðuvíðskipta, þar með talið lán almennings til húsnæðis-kaupa. Hvað veldur að Íslendingar njóta ekki slíkra mannréttinda sem aðrir Evrópubúar?

Um 80% þjóðarinnar hefur viljað verðtryggingu feiga mest alla öldina að minnsta kosti. Stjórn mála flokkarnir þekkja þennan vilja almennings og vita að verðtryggingin sverfur að. Ekkert gerist hins vegar því sumir flokkar ganga erinda fjármála aflanna á meðan aðrir vilja viðhalda þrýstingi á almenn-ing í gegnum verðtrygginguna til að betur hljómi að taka upp evru. Á meðan plokkar verðtryggingin eignirnar af fátækasta fólkinu í rólegheitum. ■

Jesús sagði:

„Það er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn eina sanna Guð, og þann sem þú sendir, Jesú Krist.“

Jóh. 17.3

biblian.is



Undir
YFIRBORÐIÐ

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30

OG AFTUR KL. 21.30

Nýstárlegir og spennandi þættir um mannlega möguleika, persónulega færni, sálarlíf og hamingju.

Ásdís Olsen er þekkt fyrir spennandi efnistöð, persónulega nálgun og áhrifarík viðtöl.



HRINGBRAUT

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Einar Ásgeirsson
Hörðukór 5, Kópavogi,
áður búsettur í Bandaríkjunum,

lést á Sóltúni 11. nóvember 2022.
Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju
miðvikudaginn 16. nóvember kl. 15.

Ásgeir Einarsson Ásgeirsson Patricia Ásgeirsson
Valur Valtýsson Inga Dóra Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Steinar Hallgrímsson
Álfhólsvegi 19, Kópavogi,

lést að heimili sínu
þann 5. nóvember síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík,
þriðjudaginn 22. nóvember kl. 13.00.

Guðbjörg Steinarrsdóttir og fjölskylda
Reynir Steinarrsson og fjölskylda
Valdis Steinarrsdóttir og fjölskylda
og aðrir aðstendendur



Ástkær sonur okkar, bróðir,
barnabarn og frændi,
Árni Snær Kristgeirsson

lést 3. nóvember.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
fimmtudaginn 17. nóvember klukkan 15.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð.
Þeim sem vilja minnast Árna er bent á Batahúsið.

Elin Sigríður Jóhannesdóttir
Kristgeir Kristinsson Sigurborg Unnur Björnsdóttir
Ragnhildur Lovisa
Aníta Sif
Mónika Rán
Hanna Líf
Guðjón Kristinn
Árný Bára Friðriksdóttir Ægir Kristmundsson
Guðjón Kr. Kristgeirsson Elin Þuríður Egilsdóttir
Jóhanna Kristín Hauksdóttir
og fjölskyldur



Börkur tók við
stöðu rektors í
haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Bransi sem breytist hratt

Kvikmyndaskóli Íslands fagnar 30 ára afmæli í vikunni og hefur starfið, líkt og bíóbransinn allur, tekið ýmsum breytingum á þeim tíma.

arnartomas@frettabladid.is

Kvikmyndaskóli Íslands fagnar þrjátíu ára afmæli sínu um þessar mundir. Fyrstu námskeið skólans fóru fram haustið 1992 að Vatnsstíg 10 og voru nemendur þá 23 og kennarar og fyrirlesarar 17. Börkur Gunnarsson, rektor skólans, segir námskrána og starf skólans hafa orðið sífellt betra í gegnum árin.

„Við fylgjumst vel með öðrum kvikmyndaskólum úti í heimi og metum hvort við innleiðum breytingar og ferska vinda þaðan hjá okkur,“ segir hann. „Þrjátíu ár eru auðvitað langur tími og það hefur verið sérstaklega mikill metnaður í þessu á síðustu árum.“

Kvikmyndagerðarbransinn tekur skjótum breytingum og segir Börkur hlutina gerast hratt á þeim tímum sem við lifum á.

„Elstu kvikmyndagerðarskólar í

heiminum eru flestir stofnaðir í kringum seinna stríð, þeir elstu á Ítalíu og í Sovétríkjunum,“ segir hann. „Þetta er svo ung grein og breytingarnar eru alveg brjálaðar. Í Lisu í Undralandi eftir Lewis Carroll var sagt: „Þú þarft að hlaupa eins hratt og þú getur til að standa í stað,“ sem var auðvitað absúrdismi þá en á algjörlega við í námi eins og þessu í dag.“

Börkur minnst þess þegar hann var sjálfur í námi um aldamótin en hann lærði kvikmyndagerð í Prag.

„Þá tók ég upp á 35 millimetra vél á svarthvita filmu frá Kodak sem var síðan tekin inn í klippiherbergi þar sem maður var í alvörunni með skæri,“ lýsir hann. „Þetta var meiri háttar mál. 35 millimetra vél var risastórt virki eins og maður sér á vígvöllum í Úkraínu. Í dag er allt saman í gamsanum – klippiherbergið, kameran og hljóðherbergið. Allt saman í betri gæðum líka – og þetta eru ekki nema tuttugu ár.“

Bíóið ekki alfa og ómega

Miðlun kvikmynda hefur einnig tekið miklum breytingum síðan skólinn var stofnaður.

„Bíóið var alltaf allt, alfa og ómega sem allir vildu fást við,“ segir Börkur. „Það er ekkert endilega þannig í dag. Krakkarnir horfa miklu meira á YouTube-myndbönd og framhaldspættir og sjónvarp eru komin miklu meira inn. Sumar myndir fara beint í streymi sem var einu sinni áfélissdómur en er það ekki lengur.“

Þegar horft er fram á veginn segir Börkur mikilvægt að halda sterkum staðli.

„Hér fara í gegn nemendur sem eiga mikilvægt framlag til listarinnar og kvikmyndaíðnaðarins og það er mikilvægt að halda þeim standard uppi,“ segir hann. „Yfir 90 prósent þeirra sem útskrifast héðan fara að vinna í kvikmyndagerð og yfir 40 prósent hafa gert það allan tímann frá útskrift.“

Börkur segir að íslenska hagkerfið njóti góðs afgrósku í íslenskri kvikmyndagerð og visar til True Detective þáttanna sem framleiddir verða hér á landi.

„Ég held að það séu einhverjir níu milljarðar sem koma þar inn í hagkerfið. Við gætum ekki verið að taka á móti þessum stóru verkefnum frá Bandaríkjunum nema hér væri fólk sem er fært um að sinna þessum verkefnum vel.“ ■

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



www.utfarin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR



www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
Hörður Vilhjálmsson
fyrirverandi fjármálastjóri
Ríkisútvarpsins,
Hegranesi 30, Garðabæ,

lést á Landspítalanum sunnudaginn
6. nóvember 2022. Útför fer fram í Garðakirkju
þriðjudaginn 22. nóvember klukkan 13.

Hólmfríður B. Friðbjörnsdóttir
Hjördís Harðardóttir
Margrét Harðardóttir
Ragnheiður Harðardóttir
Sigrún Harðardóttir
Hildur Harðardóttir
Örn Sveinsson
Steve Christer
Jón Scheving Thorsteinsson
Andrew Clarke
Þórður Orri Pétursson
og barnabörn



Ástkær eigenmaður, faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,
Kristinn Tryggvason
verkstjóri,
Rjúpufelli 29, Reykjavík,

lést á Sóltúni hjúkrunarheimili
miðvikudaginn 2. nóvember. Útför fer fram frá Fella- og
Hólakirkju föstudaginn 18. nóvember kl. 15.00.
Blóm og kransar afpakkaðir.

Margrét Pálsdóttir
Ásta Hulda Kristinsdóttir
Jónas Kristinsson
Páll Kristinsson
Kristinn Kristinsson
Rúnar Kristinsson
Ögmundur Kristinsson
Ásdís Eva Hannesdóttir
Guðlaug Halldórsdóttir
Guðný Ósk Ólafsdóttir
Erna María Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,
Helga Guðráðsdóttir
Kópareykjum,

lést á Brákarhlíð 11. nóvember 2022.
Útförin fer fram frá Reykholtskirkju
laugardaginn 19. nóvember kl. 14.00.
Þakkar til Brákarhlíðar Borgarnesi fyrir hlýju og umönnun.

Eyjólfur Sigurjónsson
Vigdís Helga Eyjólfssdóttir
Erla Eyjólfssdóttir
Kristín Eyjólfssdóttir
Jón Eyjólfsson
Lára Eyjólfssdóttir
Sigurjón Kárasen
Jón Halldórsson
Guðmundur Guðlaugsson
Rebecca Dorn
Sigurvin Hreiðarsson
og afkomendur



Ástkær eigenmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Þórður Rúnar Valdimarsson
framleiðslumaður,
Lækjargötu 32,
Hafnarfirði,

lést á Tenerife fimmtudaginn 27. október.
Útförin fer fram í Frikirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn
17. nóvember klukkan 13.00. Blóm og kransar afpakkaðir
en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð
Guðrúnar Einarsdóttur og Guðjóns Magnússonar.
Rnr: 544-14-800108, kt: 510303-3420. Minningarkort fást í
safnaðarheimili Frikirkjunnar í Hafnarfirði.

Svanhildur Ísleifsdóttir
Ásdís Þórðardóttir
Þórhildur Þórðardóttir
Guðný Hrund Þórðardóttir
Hörður Davíð Harðarson
Hafsteinn P. Vattnes
Sigurður Örn Arnarson
barnabörn, barnabarnabörn



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 15. nóvember 2022



Svartur föstudagur er góður dagur til að versla en varast ber svik.

Varist svindlara

elin@frettabladid.

Svartur föstudagur nálgast en hann er 25. nóvember. Margir hugsa sér eflaust gott til glóðarinnar enda góð tilboð bæði í verslunum og á netinu. Dagurinn hentar líka svindlurum því þeir eru duglegir að plata fólk á þessum degi og möguleikar á svikum aukast. Það er því rétt að fara mjög varlega í viðskiptum þennan dag.


Fyrst og fremst þarf að athuga hvort vefsíðan er örugglega verslun sem er til. Flettu upp versluninni og skoðuðu umsagnir viðskiptavina. Athugaðu hvort verslunin er á samfélagsmiðlum. Margir fylgjendur og jákvæðar umsagnir segja ýmislegt. Athugið einnig hvort auðvelt sé að komast í samband við netverslunina. Ef það reynist ekki auðvelt er best að sniðganga hana. Netverslanir eiga að gefa upp heimilisfang, netfang og símanúmer.

Geta verið sannfærandi

Varist slæmt málfar og óeðlilega mikla afslætti. Ef tilboðin eru of góð til að vera sönn skal varast þau nema þekkja vel verslunina. Falsaðar netverslanir eru oft reknar með mikilli markaðssetningu á samfélagsmiðlum í stuttan tíma. Svindlarar geta verið mjög sannfærandi. Þeir eiga líka til að senda tilboð í pósti þar sem boðið er upp á að smella á tengil sem opnar viðhengi. Fordæst skal að opna slíkan póst. Varkárni á netinu er alltaf afar mikilvæg og sérstaklega í kringum stóra tilboðsdaga. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

HEILABOKA?

Fæst í helstu apótekum - www.celsus.is

Hreingerningataeki sem spara bæði tíma og peninga

Aflvélar ehf. eru sölu- og þjónustuaðili fyrir I-Team sem býður upp á frábært úrval tækja til að auðvelda fyrirtækjum dagleg þrif og til að tryggja hreint og gott loft á vinnustaðnum. 2



Ólafur Már Ólafsson er sölustjóri Aflvéla sem býður Íslendingum upp á frábær hreingerningartæki frá I-Team.

I-Team er leiðandi fyrirtæki þegar kemur að hreinlæti en fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Eindhoven í Hollandi. Fyrirtækið hefur síðustu ár komið með hverja græjuna á fætur annarri sem auðveldar starfsfólki í ræstingageiranum vinnuna sína en á sama tíma spara þær tíma og þar með peninga fyrir fyrirtækin sem það starfar fyrir.

Aflvélar ehf. eru sölu- og þjónustuaðili I-Team á Íslandi og að sögn Ólafs Más Ólafssonar sölustjóra hafa tækin þeirra slegið í gegn hér á landi. „I-Team hóf starfsemi sína á því að selja eina tegund af ryksugu sem heitir i-vac 6. Eftir það kom hin byltingarkennda skúringavél I-MOP XL á markað og þá fór allt í gang hjá þeim. Í dag er I-Team leiðandi fyrirtæki á sínu sviði.“

Ótrúlega öflugar vélar

Í dag er I-Team með þrjár stærðir af I-MOP vélum en það eru Lite, XL og XXL. „Þetta eru vélar sem búnar eru til fyrir mikla notkun og þó þær líti út fyrir að vera hvítar, flottar og viðkvæmar þá eru þær einnig sterkar og ótrúlega öflugar,“ segir Ólafur Már. „Þetta eru vélar sem flest hreingerningafyrirtækin eru með í notkun enda væri annað vitleysa því þær eru að spara svo mikinn tíma við vinnu. Svo skúrar I-MOP líka miklu betur en að handmoppa. Ég get nefnt einfalt dæmi. Ef þú ert í klukkutíma að skúra með moppu, þá ertu í 15 mínútur með I-MOP XL, svo einfalt er það,“ segir Ólafur Már.

Frábær viðbót

I-MOP XL er vinsælasta vélin að sögn Ólafs Más en hana er hægt að fá í nokkrum útgáfum. „Í Pro-gerðinni er einnig hægt að fylgjast með því hvar vélin er, svæðin sem hún hefur þrifið og hversu mikið hún er í notkun. Þessi nýja tækni sem er að koma í tækjabúnaði hjá I-Team heitir I-Link og er algerlega frábær viðbót hjá þessu öflugra fyrirtæki.“

I-MOP Lite hentar síðan fyrir minni fyrirtæki sem eru allt að 700 m2 að stærð og þarf að þrifa daglega. Fullkomin fyrir minni verslanir til dæmis á Laugaveginum, í Smáralind eða í Krínglunni.

Ryksugar þegar enginn er við

I-Drive skúringabillinn var að koma til landsins og það sniðuga við hann er að það er ein I-MOP Lite aftan á honum segir Ólafur Már. „Þá er hægt að stoppa bilinn og þrifa minni svæði með litlu vélinni sem billinn kemst ekki til. Þennan bil er einnig hægt að fá



Aflvélar eru sölu- og þjónustuaðili I-Team sem er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði.

Rótgróið fjölskyldufyrirtæki

Aflvélar eru fjölskyldufyrirtæki sem í grunninn var stofnað árið 1930. Fyrirtækið hefur þrjár starfsstöðvar, í Garðabæ, á Selfossi og söluskrifstofu á Akureyri.

Aflvélar hafa sérhæft sig í hreinsun af öllum gerðum, innan- og utandyra, bæði í tengslum við óhreinindi og snjó. Fyrir tveimur árum var bætt við landbúnaðarsviði sem selur meðal annars dráttarvélar frá Valtra ásamt fjölmörgum tækjum fyrir landbúnað.

Slagorð fyrirtækisins er „Aflvélar – fyrir hreint land“ og lýsir það bæði vörum fyrirtækisins ásamt stefnu þess í umhverfismálum. Flestir bílar fyrirtækisins eru rafmagnsbílar.

Í sumar var opnaður nýr og veglegur sýningarsalur á Selfossi að Gagnheiði 35 þar sem einnig er unnt að sýna stærri tækin.

Fyrirtækið hefur fengið viðurkenningu sem „Framúrskarandi fyrirtæki“ hjá Creditinfo undanfarin ár.

algerlega sjálfkeyrandi og heitir billinn þá Co-Botic 65.“

Co-Botic 1700 ryksuguvélmenni er frábær lausn fyrir fyrirtæki sem vilja láta ryksuga þegar enginn er í vinnu. „Ryksuguvélmennið fer á stöðina sína þegar það er búið. Auk þess er hægt að fá sérstaka stöð sem ryksugar upp úr vélmenninu á meðan það er í hleðslu. Sérstakt app er í boði til að sjá hvernig það stendur sig.“

Hreint og gott loft

I-Team framleiðir meira en ryksugar og gólfþvottavélar og bjóða Aflvélar meðal annars upp á öflug



Co-Botic 1700 ryksuguvélmenni.



I-Sense mælir loftgæðin.

tæki frá þeim sem tryggja hreint og gott loft. „I-Air er tæki sem tryggir hreint og gott loft fyrir svæði allt að 500 m2 að stærð. Sérstök tækni eyðir örverum og vírusum með hlutleysishlutfalli >99,9999% og >95–97% fyrir örverur.“

I-Sense er svo nýtt loftgreiningartæki frá I-Team. „Það er ekki bara nóg að selja búnað til að þrifa, heldur þarf einnig að vera hægt að greina gæði þrifanna. Gæði loftsins innanhúss hafa bein áhrif á alla sem nota eða heimsækja rýmið.



I-Air bætir loftgæðin sem skipta alla máli.

Léleg loftgæði innan-dyra geta valdið ofnæm-
isviðbrögðum, astmaköst-
um og veirusmiti. Þökk sé I-Sense þá er hægt að vita hvenær þörf er á að bæta gæði innandryra. Oft eru það lítil mælanleg skref sem hægt er að taka til að bæta loftgæðin.“

